

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26/12017
Málsnr:	1404083
Bréfal:	571-1



Hafnarfjarðarbær  
 Berglind Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt  
 Strandgata 6  
 220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 19. janúar 2017

Tilvísun: 201701085 / 3.4

**Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi Kaldárselsvegar, frá Sörlatorgi við Reykjanesbraut að Ásvallabraut og inn fyrir Hlíðarþúfur, Hafnarfjarðarbær**

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 10. Janúar 2017, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslag. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulags- og byggingarráði 10. janúar 2017 og varðar tillögu að deiliskipulagi Kaldárselsvegar, frá Sörlatorgi við Reykjanesbraut að Ásvallabraut og inn fyrir Hlíðarþúfur.


Lýsingin er dagsett 30. desember 2016 og samanstendur af greinargerð ásamt skýringarmyndum.

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir 8 ha svæði, þar er gert ráð fyrir að tengja saman þá vegi sem liggja að deiliskipulagssvæðinu með það að markmiði að auka umferðaröryggi fyrir alla umferð. Gerð er grein fyrir skipulagsferlinu, kynningu og samráði. Skipulagsráðgjafi var einnig í sambandi við stofnunina vegna umræddra skipulagsáforma og var fyrirspurn hans svarað með tölvupósti 11. janúar sl.

Á umræddu svæði eru í gildi nokkrar deiliskipulagsáætlunar, en ekki kemur fram í lýsingunni hverjar þær eru né í hverju breytingarnar á legu vegarins felast frá því sem þar kemur fram. Jafnframt vantar að gera grein fyrir þeim breytingum sem gera yrði á afmörkunum gildandi áætlana verði gert nýtt og sjálfstætt deiliskipulag fyrir vegarkaflann.

Ef gert er nýtt deiliskipulag fyrir umræddan veg og aðliggjandi svæði, þá þarf samhlíða að breyta afmörkunum þeirra deiliskipulagsáætlana þar sem vegurinn liggur um. Annar möguleiki er að stækka skipulagssvæði einnar áætlunarinnar þannig að hún nái yfir veginn eins og að breyta honum og afmörkun hinna er þá breytt til samræmis og þess gætt að svæðið skarist ekki.

Stofnunin bendir á að umrædd framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 10.10, flokk C í viðauka 1.

  
 Unnsteinn Gíslason